

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu 63**  
**um sjerstakan þingstað Helgafellssóknar.** — Samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar 24. maí  
 í Helgafellssveit, meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og tillögum yðar, herra  
 amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 19 þ. m., vil eg hjermed veita samþykki  
 mitt til þess að Helgafellssveit, sem hingað til hefir haft sameiginlegan þing-  
 stað í Stykkishólmi við Stykkishólmshrepp, verði eftirleiðis sjerstök manntals-  
 þinghá með þingstað á svonefndum Skildi, og er samþykki þetta bundið því  
 skilyrði, að hreppsnefndin í Helgafellssveit sjái um að til verði á þessum  
 stað sæmilegt hús til þinghalda.

Með þessu ákvæði er engin breyting gjörð á skipun dómpingháa Snæ-  
 fellssnessýslu.

Þetta er yður hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-  
 legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

## Reikningur

64

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í  
 Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri 1898.

| Tekjur:                                           |               | kr. au. |
|---------------------------------------------------|---------------|---------|
| 1. Eign frá fyrra ári:                            |               |         |
| a. Einarstaðir og Pjetursborg . . . . .           | — kr. 2000 00 |         |
| b. Í sparisjóði Akureyrar . . . . .               | — — 1006 39   | 3006 39 |
| 2. Afgjald af Einarstöðum og Pétursborg . . . . . |               | 145 60  |
| 3. Gjafir einstakra manna . . . . .               |               | 143 55  |
| 4. Í gjafahirzlunum fundust . . . . .             |               | 28 15   |
| 5. Vextir af innieign í sjóði . . . . .           |               | 41 40   |
| 6. Til jafnaðar við gjaldalið 3. . . . .          |               | 146 85  |
|                                                   | Kr.           | 3511 94 |

| Gjöld:                                  |             | kr. au. |
|-----------------------------------------|-------------|---------|
| 1. Styrkur til 18 ekkna . . . . .       |             | 155 00  |
| 2. Ýmisleg útgjöld . . . . .            |             | 56 85   |
| 3. Lagt í sparisjóð Akureyrar . . . . . |             | 146 85  |
| 4. Eign til næsta árs:                  |             |         |
| a. Einarstaðir og Pjetursborg . . . . . | kr. 2000 00 |         |
| b. Í sparisjóði Akureyrar . . . . .     | — 1153 24   | 3153 24 |
|                                         | kr.         | 3511 94 |

Skrifstofu Norduramtsins, Akureyri 18. jan. 1899.

Páll Briem.